Áskorun frá aðalfundi LS 22. október 1988

Aðalfundur Landssambands smábátaeigenda haldinn í Reykjavík skorar á sjávarútvegsráðherra og Alþingi að beita sér fyrir því að lögum um fiskveiðistjórnun verði breytt þannig að:

Öngulveiðar verði alfarið undanþegnar veiðitakmörkunum.

Greinargerð:

1. Skaðsemi öngulveiða á lífríki sjávar er í lágmarki miðað við aðrar veiðiaðferðir og jafnframt nýta þær fiskitegundir jafnar en ýmsar aðrar veiðar.
2. Úrvals hráefni til innlendrar neyslu og útflutnings á ferskri fullunninni vöru. Í þessum þáttum liggur framtíðar möguleiki Íslendinga til að fá betri verð fyrir fiskistofna sína.
3. Í vaxandi samdrætti í þjóðfélaginu er það skylda stjórnvalda að reyna að skapa fólki starfsmöguleika. Nefnd veiðiaðferð er vinnuaflsfrek en þegar hún er borin saman við aðrar aðferðir er rétt að hafa í huga að framleiðni á vinnuaflseiningu fer ekki alltaf saman við framleiðni á fjármagnseiningu.
4. Viðkomandi breyting mundi virka sem þrýstiloki á kvótakerfið og auka atvinnuöryggi fiskvinnslufólks.